

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1200/2016, um húsnæðisbætur.

1. gr.


Tafla í 14. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Fjöldi heimilismanna	Frítækjumörk m.v. árstekjur
1	3.373.000 kr.
2	4.461.064 kr.
3	5.222.710 kr.
4 eða fleiri	5.657.936 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 4. mgr. 17. gr. og 4. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 30. gr. laga um húsnæðisbætur, nr. 75/2016, öðlast þegar gildi og skal gilda frá og með 1. janúar 2017 um húsnæðisbætur sem greiddar eru vegna leigu íbúðarhúsnæðis frá og með þeim degi. Mismunur á þeim húsnæðisbótum sem umsækjandi á rétt til samkvæmt breyttum frítækjumörkum skv. 1. gr. og þeim húsnæðisbótum sem greiddar hafa verið vegna leigu íbúðarhúsnæðis í janúar, febrúar og mars 2017 skal greiðast umsækjanda eigi síðar en 30. apríl 2017.

Velferðarráðuneytinu, 5. apríl 2017.



Þorsteinn Víglundsson
félags- og jafnréttismálaráðherra



Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.